

Nd.

235. Nefndarátt

nm frv. til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

Nefndin felst á tillögur Jóns Þorlákssonar, verkfræðings landsins, í bræfi hans til Stjórnarráðsins 2. ágúst 1915:

1. Að vegarstefnan sje nægilega ákveðin með því einu, að láta »Búðardal« koma fyrir »Hjarðarholt«.
2. Að »tekin sje af tvímæli um viðhaldsskyldu vegarkafanna, þau ár, sem ganga til þess, að koma breytingunni í framkvæmd«.
3. Að þjóðvegarkafinn, sem fellur úr, sje gerður að sýsluvegi.

Hún flytur því breytingartillögur í samræmi við þessar tillögur hans.

Hún leggur til, að frv. verði síðan látið hafa sem greiðastan gang gegnum þingið, svo að fjárveitingin til brúargerðar á Ljá ónýttist eigi fyrir aðgerðir eða aðgerðaleyfi löggjafarvaldsins. En brú þessi hefir lengi verið áhugamál hjeradsins, og væri nú komin á, ef málið hefði eigi verið svæft í efri deild í fyrra.

Alþingi 4. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson
formaður.

Bjarni Jónsson frá Vogu
skrifari.

Pjetur Jónsson. Jón Jónsson. Jóhann Eyjólfsson.